

Smávirkjanasjóður SSNV

Úthlutunarreglur um styrki úr Smávirkjanasjóði SSNV

1. Markmið

Markmið með styrkveitingu er að gefa landeigendum tækifæri til að nýta landgæði betur og jafnframt að stuðla að auknu raforkuframboði og raforkuöryggi á Norðurlandi vestra.

Smávirkjanasjóður SSNV er hluti af áhersluverkefnum Sóknaráætlunar Norðurlands vestra 2018-2019.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja fyrstu skref í rannsóknum á mögulegum rennslisvirkjunum á Norðurlandi vestra sem eru undir 10 MW að stærð. Miðað er við fyrirbyggjandi yfirlit á mögulegum rennslisvirkjunum sem upp eru taldir í skýrslu Mannvits 2018: *Frumúttekt á smávirkjanakostum á Norðurlandi vestra*. Þó er heimilt að bæta við fleiri virkjunarkostum með samþykki SSNV.

Sjóðurinn veitir styrki til annars vegar: **Skref 1: Frummat smávirkjana** og hins vegar: **Skref 2: Mat á virkjanlegu rennsli, frummati hönnunar og byggingarkostnaðar**.

Skref 1: Frummat smávirkjana

- ✓ Heimsókn á virkjunarsvæði
- ✓ Virkjunarkostur yfirfarinn og val á stíflustæði
- ✓ Ein rennslismæling á lágrennslistíma
- ✓ Athugun á miðlun vatns
- ✓ Áætlun um stærð virkjunar og frumúttekt yfirfarin
- ✓ Athugun á tengimöguleikum við raforkukerfið
- ✓ Verndarsvæði – mat á áhrifum á möguleikum á virkjun
- ✓ Skýrsla um niðurstöður á mati viðkomandi virkjunarkosts

Skref 2: Mat á virkjanlegu rennsli, frummat hönnunar og byggingarkostnaðar

- ✓ Uppsetning vatnshæðarmæla
- ✓ Rennslislíkan sett upp
- ✓ Mat á virkjanlegu rennsli virkjunarkosts eftir rekstur vatnshæðarmælis í 2 ár
- ✓ Frumhönnun virkjunar
- ✓ Frummat byggingarkostnaðar

2. Umsóknarfrestir

Skref 1: Frummat smávirkjana

Á árinu 2018 verður ein úthlutun. Umsóknarfrestur er til og með 5. nóvember 2018. Verkefninu verður lokið fyrir 31. maí 2019 og mun lokaskýrsla að hafa borist SSNV fyrir þann tíma. Hámarksfjöldi verkefna sem styrkt verða er 8.

Skref 2: Mat á virkjanlegu rennsli, frummat hönnunar og byggingarkostnaðar

Auglýst verður eftir umsóknum í Skref 2 í júní 2019.

3. Verklagsreglur

- A. Umsækjendur skulu vera lögráða einstaklingar, félög eða fyrirtæki, með lögheimili á Norðurlandi vestra. Með umsókn skal fylgja samþykki þeirra landeigenda, sem málið snertir skv. lögum, fyrir rannsóknunum á því svæði þar sem fyrirhugaður virkjunarkostur er.
- B. Umsóknir skulu vera á eyðublöðum sem hægt er að sækja á heimasíðu SSNV; www.ssnv.is.
- C. Umsóknir skulu sendar á netfangið: ssnv@ssnv.is
- D. Samið hefur verið við Verkfræðistofuna Mannvit um úttekt á þeim virkjunarkostum sem styrktir verða og sér SSNV um samningsgerð við fyrirtækið.
- E. Mótframlag umsækjanda er 100.000 kr. en SSNV greiðir annan kostnað við úttektina.
- F. Fagráð Smávirkjanasjóðs leggur mat á umsóknirnar og skilar tillögum til stjórnar SSNV fyrir 20. nóvember 2018. Við mat á umsóknum eru gefin stig fyrir eftirfarandi þætti:
- a) *Frumúttekt á smávirkjanakostum á Norðurlandi vestra (hámark 30 stig, lágmark 15 stig)*
1. Áætluð stærð virkjunar / orkuframleiðsla / hversu auðvelt er að tengja við raforkukerfi
 2. Hugsanleg áhrif verndarsvæðis
 3. Hagkvæmniflokkur
- b) *Gæði verkefnisins (hámark 40 stig, lágmark 20 stig)*
1. Hversu skýrt er hvað felst í verkefninu
 2. Gæði undirbúnings fyrir verkefnið
 3. Gæði efnis sem nýtt er í verkefninu
 4. Hverjir eru þátttakendur í verkefninu
 5. Rökstuðningur fyrir þeim möguleikum og framtíðarávinningi sem skapast við hugsanlega raforkuframleiðslu
- c) *Niðurstöður, áhrif og kynning á verkefninu (hámark 30 stig, lágmark 15 stig)*
1. Hvernig verður útkoman úr verkefninu metin (gagnsemi)?
 2. Hvernig verður niðurstaða verkefnisins kynnt?
 3. Verður upplýsingum veitt áfram til annarra aðila (hugsanlegir notendur)?
 4. Hvernig verða gæði kynninga á verkefninu tryggð?
- G. Til þess að koma til álita um úthlutun þarf verkefnið að fá a.m.k. 60 stig og hafa hlotið a.m.k. helming stiganna í hverjum hluta fyrir sig.
- H. SSNV og styrkhafi gera með sér skriflegan samning sem m.a. kveður á um fyrirkomulag greiðslu mótframlags, skil á skýrslu og eftirfylgni. Starfsmenn SSNV sjá um samningsgerð og eftirfylgni við styrkhafa.
- I. Niðurstöður þeirra rannsókna, sem gerðar verða með styrk úr Smávirkjanasjóði SSNV, eru opinber gögn. Niðurstöðurnar verða birtar á heimasíðu SSNV og sendar Orkustofnun.